

Landskönnun á skaðvöldum í skógi og skordýrabeit í lúpínu ágúst – september 2011



Guðmundur Halldórsson, Brynja Hrafnkelsdóttir, Edda Sigurdís Oddsdóttir og Halldór Sverrisson

Dagana 22.-26. ágúst 2011 var farið um Austurland, Norðurland, Vestfirði og Vesturland, en um Suðurland 1 September. Þátttakendur í fyrri ferðinni voru: Brynja Hrafnkelsdóttir, Edda S. Oddsdóttir og Halldór Sverrisson frá Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá, og Guðmundur Halldórsson frá Landgræðslu ríkisins, en Halldór Sverrisson og Guðmundur Halldórsson í þeirri síðar. Markmið með þessum ferðum var tvíþætt:

1. að safna gögnum fyrir doktorsverkefni Brynju við LBHÍ, sem snýst um skordýrabeit í lúpínu og landgræðsluskógum og
2. fá heildstætt landsyfirlit yfir heilsufar trjágróðurs og orsakir skemmda ef einhverjar voru. Einnig var hugað að beitarskemmdum á bláberja- og aðalbláberjalyngi.

Í heild var ástand trjágróðurs gott, ef undan er skilið lerki en ástand þess var yfirleitt lélegt. Skordýrabeit var víðast hvar á lúpínu, mismikil þó, allt frá því að vera sára lítil upp í að meginhluti laufmassa væri uppétinn.

Greni.

Ástand grenis var almennt gott. Sitkalús fannst allvíða en víðast hvar var lítið um hana. Undantekning er Höfn í Hornafirði og Djúpvogsreiturinn þar sem mikið var um lús og verulegar skemmdir orðnar nú þegar (1. mynd). Á Stöðvarfirði var einnig töluvert af lús á greni. Sums staðar voru þó merki um lúsafaraldur væntanlega frá því haustið 2010 eða vorið 2011, einkum á Vestfjörðum. Sitkalýs sýktar af sníkjuvespum fundust í leiðangrinum (2. mynd) og einnig lirfa birkihulu sem var á lúsaveiðum í greni á Stöðvarfirði (3).



3. mynd. Lirfa birkihulu (BH)



1. mynd. Lúsaskemmdir á greni á Djúpavogi (GH).



2. mynd. Sitkalús, sýkt af sníkjuvespu (ESO).
mynd).

Birki.

Ástand birkis er almennt gott á landinu. Þó var nokkuð um dauð tré/greinar á sumum svæðum/skógum á Austurlandi (Fagridalur, Egilsstaðaskógur, Svartiskógur), og á sunnanverðum Vestfjörðum (Vatnsfjörður, Gufufjörður). Ekki er ólíklegt að hér sjáist afleiðingar langvarandi maðkskemmda undanfarinna ára. Áberandi var að hvergi varð vart við teljandi



4. mynd. Púpa birkivefara (ESO).



5. mynd. Lirfa birkivefara (BH)



6.mynd. Skemmdir á fjalldrapa af völdum birkifeta (ESO).

hvorum stað. Þetta eru sennilega blaðvespulirfur (7. mynd).

Ekki var meira um ryð í birki en í eðlilegu árferði, einna helst mátti sjá það í nokkru mæli á Suðurlandi (8.mynd).

beitarskemmdir frá því fyrr í sumar. Það bendir til þess að tígulvefarinn (og að einhverju leyti haustfeti) hafi ekki náð sé á strík í ár. Hugsanlega hefur kuldakastið í byrjun sumars haft neikvæð áhrif á lifun eggja eða unglirfa þessara tegunda. Einna helst voru ummerki um birkivefara og fundust púpur hans mjög víða í lafi (4. mynd) ásamt einstaka lirfum (5. mynd). Einnig var nokkuð um birkifetalirfur í lafi, einkum á Vestfjörðum. Í Húsadal í Ísafjarðardjúpi og víðar á þeim slóðum voru greinilegar beitarskemmdir á fjalldrapa (6. mynd) og fundust birkifetalirfur á þeim plöntum. Lirfur birkifeta klekjast yfirleitt ekki út fyrr en í síðari hluta júní, þannig að áhrif vorkuldans eru væntanlega minni á birkifetann en tígulvefara og haustfeta. Þá gæti lítil beit tígulvefara hafa verið til hagsbóta fyrir birkivefarann því þessar tegundir keppa um fæðu.

Á tveimur stöðum, Kirkjubæjarklaustri og Stykkishólmi, fundust áður óþekktar lirfur á birki, ein á



7. mynd. Óþekkt larfa á birkilaufi; líklega blaðvespulirfa (ESO)



8. mynd. Víðir, ösp og birki mikið skemmd af ryði (GH)



9. mynd. Skemmdir á ungum lerkilundum utan við Egilsstaði (GH)

Lerki.

Ástand lerkis er víða lélegt (9. mynd). Langverst er það á mið Austurlandi, þar eru nýlar lerkis almennt brúnar. Ástandið virtist vera verst í ungum lerkireitum, hvort sem þar ræður kvæmaval eða aldur. Inn á milli eru þó tré sem hafa sloppið mun betur (10. mynd). Ástand á lerki er svipað allt norður í Fnjóskadal, en þegar kemur í Eyjafjörð og þar fyrir vestan eru lerkiskógar í allþokkalegu ástandi. Á Suðurlandi, Suðausturlandi og á Austfjörðum er lerki víðast hvar heldur lélegt, þó eru undantekningar frá því, til dæmis er lerki í þokkalegu ástandi sums staðar í uppsveitum Suðurlands. Dapurt ástand lerkis á mið Austurlandi og Norðausturlandi má eflaust rekja til óhagstæðs tíðarfars fyrri part sumars. Hverjar afleiðingarnar verða er óvíst. Lerki á þessu svæði hefur fyrr orðið fyrir áföllum, án þess að það hafi leitt til verulegs hnekkis þegar fram liðu stundir. Má þar til dæmis minna á faraldur lerkibarrfellis sem geisaði á Fljótsdalshéraði í kringum aldamótin. Á sunnanverðu landinu og allt austur á firði er hins vegar töluvert af lerki sem er skemmt af endurteknu kali og átusýkingum. Í Dýrafirði fannst mófetalirfa á ungu lerki (11. mynd), en engar verulegar skemmdir af hennar völdum. Þó voru í fyrirasumar nokkur



10. mynd. Mikill einstaklingsmunur er milli lerkitrjáa, sum tré voru alveg gul (líkt og þau sem eru vinstra megin á myndinni) á meðan önnur tré voru fallega græn, líkt og tréð hægra megin (ESO).



11. mynd. Mófetalirfa á ungu lerki í Dýrafirði (ESO).

brögð að slíku að sögn forráðamanna Skjólshóga.



12. mynd. Edda (178 cm) við stór-glæsilega ösp á Reykhólum (GH).

Ösp og víðir.

Ástand alaskaaspar var víða allgott, þó ber töluvert á kalskemmdum á öspum. Víða eru þessar kalskemmdir afleiðingar af ryðfaröldrum fyrri sumra og er áberandi víða á Suðurlandi. Einnig ber nokkuð á kali sem orsakast af röngu kvæmavali. Asparryð var með langminnsta móti, engir nýir smitstaðir fundust. Mest var ryðið í uppsveitum Suðurlands, einkum í Haukadal og Þjórsárdal. Í ferðinni voru skoðaðar tilraunir með afkomendur asparvíxlana á Fremri Nýpum í Vopnafirði, á Reykhólum og í Hrosshaga. Athyglisvert var að sjá að öspin í Vopnafirði virtist ekki hafa beðið neinn hnekki af tíðarfari fyrri part sumars. Þar virðist lifun plantna vera mjög góð og vöxtur góður undanfarin ár. Á Reykhólum urðu strax talsverð afföll en góður vöxtur er í þeim einstaklingum sem eftir standa (12. mynd). Á öllum þessum stöðum eru einstaklingar sem eru mjög vænlegir til frekari prófana/ræktunar. Í Hrosshaga fannst alsvört ertuyglulirfa á ösp (13. mynd) og er það í annað skiptið sem það litarafrígið finnst þar. Þess utan er eingöngu vitað um eitt dæmi til viðbótar þar sem alsvört ertuyglulirfa hefur fundist.

Talsvert var um ryð á víði um allt land, sérstaklega Hreggstaðavíði (14. mynd). Gljávíðiryð var með minna móti en sást þó nokkuð víða um land.



13. mynd. Alsvört ertuyglulirfa á ösp (HS).




14. mynd. Ryðgaður Hreggstaðavíðir og óryðgaður gljávíðir, hlið við hlið í Vík í Mýrdal (ESO).

Fura.

Ástand furu er almennt gott á landinu. Á einstöku stað bar á sviðnun/sjávarrokskemmdum.

Lúpína.

Skordýrabeit var á lúpínu á nær öllum stöðum sem skoðaðir voru og eru þar einkum ertuygla og mófeti sem valda því. Ertuygla fannst nú í fyrsta sinni í Lóni (15. mynd) og er það í fyrsta sinn sem hún finnst norðan Hornafjarðar, svo okkur sé kunnugt. Í Dýrafirði og á Hólasandi voru stórir flákar af lúpínu lauflausir (16. mynd). Á



15. mynd. Grænt afrígið ertuyglu í Lóni (ESO).



16. mynd. Éttinn lúpínufláki við Dýrafjörð (GH)



17. mynd. Mófeti á lúpínu á Hólasandi (ESO).

báðum stöðum fannst mikið af mófeta (17.mynd), en engin ertuygla. Á Hafnarmelum, við Kjalveg ofan Gullfoss og við Stykkishólm var einnig talsverð skordýrabeit á lúpínu, en þar var einkum um ertuyglubeit að ræða. Á Vesturlandi voru útbreiðslumörk við Laugar í Sælingsdal og eru þau óbreytt frá því sem var í fyrra. Framrás ertuyglunnar á síðustu hefur einkum verið norður eftir Vesturlandinu, en þessi fundur í Lóninu eru fyrstu merki um svipað á Austurlandi. Hvergi varð vart við ertuyglu í verulegu mæli á trjágróðri, nema í aspartilrauninni í Hrosshaga. Hinsvegar hefur frést af henni, til dæmis á reyniviði í Fljótshlíð og á lerki á Haukadalsheiði. Könnun á litaafbrigðum ertuyglulirfa, það er að segja hlutföllum græna (15. mynd) og dökka (18. mynd) litarafbrigðisins, leiddi í ljós að svarta afbrigðið er víðast hvar yfirgnæfandi. Þó eru einstaka staðir þar sem græna afbrigðið er álíka algengt. Ekki er búið að fullvinna úr þeim gögnum, en í fljótu bragði virðist græns afbrigðið vera algengast um mitt Suðurland.



18. mynd. Dökkt afbrigði ertuyglu í Stykkishólmi (ESO).

Lyng.

Miklar skemmdir voru á bláberja- og aðalbláberjalyngi á norðanverðum Tröllaskaga og á vestanverðum Vestfjörðum. Skoðun á laufi leiddi í allstaðar í ljós að orsökina var lirfa birkifeta (19. mynd). Athygli vakti hversu litlar lirfurnar voru, en í fyrri könnunum hafa birkifetalirfur yfirleitt verið um það bil að fara að púpast eðabúnar að púpast um þetta leyti. Skemmdir á lyngi virðast þó minni í Dalasýslu og á sunnanverðum Vestfjörðum en undanfarin ár.



19. mynd. Lirfa birkifeta (BH)

Niðurstaða þessa leiðangurs er sú að heilbrigði trjágróðurs á landinu sé þokkalegt, ef undan er skilið lerki. Lítið bar á mörgum af helstu skaðvöldum, það er að segja asparryði, sitkalús og tígulvefara. Einnig varð ekki vart við ýmsa aðra skaðvalda sem hafa verið að stinga sér niður á undanförunum árum, svo sem greniryð eða lerkibarrfelli.